

# Sókn í loftslagsmálum

Markmiðið með aðgerðaáætlun í loftslagsmálum er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að aukinni kolefnisbindingu þannig að Ísland geti staðið við **markmið Parísarsamningsins til 2030** og **markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi árið 2040**.

Þetta er heildstæð áætlun sem samanstendur af 34 aðgerðum á mörgum sviðum. Megináherslurnar eru tvær:

- **Orkuskipti** í samgöngum, með sérstakri áherslu á rafvæðingu í vegasamgöngum.
- **Átak í kolefnisbindingu** þar sem skógrækt og landgræðsla gegna lykilhlutverki og markvisst verður dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda með endurheimt votlendis.

6,8 milljörðum króna verður varið til sérstakra aðgerða í loftslagsmálum hér á landi á næstu fimm árum. Þetta er margföldun miðað við undanfarin ár. Verkefnastjórn með fulltrúum sjö ráðherra hefur unnið að aðgerðaáætluninni, í samræmi við sáttmála ríkisstjórnarinnar.

**Orkuskipti:** Okkar stærsta tækifæri til að ná þeim skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist með Parísarsáttmálanum er að skipta olíu út fyrir umhverfisvæna orkugjafa.

Verulega verður aukið við fjárfestingar og innviði vegna rafvæðingar í samgöngum en áætlað er að verja 1,5 milljarði króna á næstu fimm árum til uppbyggingar innviða fyrir rafbíla, rafvæðingu hafna og fleiri nauðsynlegra aðgerða í orkuskiptum hér á landi. Hvatar til að fjárfesta í ökutækjum sem losa lítinn koltvísýring verða eflidir. Ívilnunum fyrir rafbíla og aðra vishæfa bíla verður viðhaldið og nýjum ívilnunum komið á vegna ökutækja til atvinnurekstrar. Kolefnisgjald verður áfram hækkað og almenningssamgöngur styrktar í samræmi við samgönguáætlun. Fylgt verður fordæmi nágrannaríkja líkt og Noregs, Frakklands og Bretlands og mörkuð sú stefna að nýskráning bíla sem eingöngu ganga fyrir jarðefnaeldsneyti verði ólögmat. Miðað er við árið 2030. Gætt verður sérstaklega að hugsanlegum undanþágum, t.d. á stöðum þar sem erfitt kann að vera að nota aðra bíla en þá sem ganga fyrir bensíni og dísel.

Orkuskipti í vegasamgöngum eru sambærileg orkuskiptunum sem urðu með innleiðingu hitaveitunnar á sínum tíma. Við hættum að brenna mengandi og innfluttum orkugjöfum og fórum í staðinn að nota innlenda, endurnýjanlega orku. Verkefnið nú er sambærilegt.

**Kolefnisbinding:** Ráðist verður í umfangsmikið átak við endurheimt votlendis, birkiskóga og kjarrlendis, stöðvun jarðvegseyðingar og frekari landgræðslu og nýskógrækt til að vinna sérstaklega að markmiði um kolefnishlutleysi. Um 4 milljörðum króna verður varið til þessara aðgerða á næstu fimm árum. Áhersla er lögð á að fela félagasamtökum hlutverk, bændum og öðrum vörslumönnum lands.

**Aðrar aðgerðir:** Í aðgerðaáætluninni eru einnig aðgerðir tengdar úrgangsmálum, landbúnaði, sjávarútvegi, fræðslu og fleira. Um 500 milljónum króna verður varið til nýsköpunar vegna loftslagsmála og verður Loftslagssjóður stofnaður til að halda utan um slík verkefni. Um 800 milljónum króna verður varið í margvíslegar aðgerðir, svo sem rannsóknir á súrnun sjávar og aðlögun að loftslagsbreytingum, bætt kolefnisbókhald, alþjóðlegt starf og fræðslu.

**Samráð:** Hluti aðgerðanna eru þegar komnar í vinnslu, aðrar nánast fullmótaðar, enn aðrar eru tillögur sem þarfnast samráðs við aðila utan stjórnkerfisins og frekari útfærslu. Áætlunin verður sett í samráðsgátt Stjórnarráðsins til umsagnar og uppfærð í ljósi ábendinga, auk þess sem boðið verður til samráðs um mótun einstakra aðgerða með fulltrúum atvinnulífs, félagasamtaka, sveitarfélaga og annarra. Þetta er því fyrsta útgáfa áætlunarinnar. Strax á næsta ári lítur önnur útgáfa dagsins ljós. Framlöggin eru tryggð í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar 2019-2023, en verða nánar útfærð í frekari mótun aðgerða.